



Reglur Akureyrarbæjar um notendasamninga

I. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Lagagrundvöllur

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 28. gr. laga um félagshjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 10. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Reglur þessar ná einnig til íbúa Eyjafjarðarsveitar, Grýtubakkahrepps, Hörgársveitar og Svalbarðsstrandarhrepps sbr. Samning um sameiginlegt þjónustusvæði í Eyjafirði.

2. gr. Markmið og inntak notendasamninga

Markmið notendasamninga er að auka val einstaklinga á formi og fyrirkomulagi aðstoðar að undangengnu faglegu mati. Umsækjandi stýrir fyrirkomulagi stuðnings og hvenær tíma dagsins hann fer fram í samræmi við undangengið mat á stuðningsþörf og innan þeirra marka sem mat á þjónustupörf setur. Umsækjandi skal gæta að lágmarksréttindum aðstoðarfólks í starfi þeirra. Ekki er um að ræða næturþjónustu.

II. kafli Umsókn um þjónustu í formi notendasamnings og mat á þörf á stuðningi og tímafjölda

3. gr. Mat á stuðningsþörf

Mat á stuðningsþörf umsækjanda fer fram á grundvelli reglna Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu, um stoðþjónustu auk reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra, eftir því sem við á. Heildarfjöldi klukkustunda stuðnings er ákvarðaður á grundvelli mats á stuðningsþörf. Fjárhæð sem greidd er vegna notendasamninga er reiknuð samkvæmt þeim

kostnaðarforsendum velferðarsviðs Akureyrarbæjar sem liggja að baki þjónustu sem annars væri veitt af hálfu velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

4. gr.

Stuðningsþættir samkvæmt notendasamningi

Unnt er að gera notendasamning um eftirfarandi þjónustuþætti:

- a) Stuðningsþjónustu, sbr. 25.- 27. gr. og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 60 klst. á mánuði.
- b) Stoðþjónustu, sbr. 1.-3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, að hámarki 188 klst. á mánuði.

Inntak notendasamninga er að þjónustupörf notanda er metin í tilteknum fjölda klukkustunda. Samanlagður fjöldi klukkustunda metins stuðnings sem veittur er sem stuðningsþjónusta annars vegar og stoðþjónusta hins vegar getur numið að hámarki 248 klst. á mánuði.

Heimilt er að setja í notendasamning ákvæði um stuðningsfjölskyldu, en slík þjónusta er talin í sólarhringum og gilda um þá þjónustu sérstakar reglur, sbr. Reglur Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Ekki er heimilt að gera notendasamninga um eftirfarandi þjónustuþætti:

- a) Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta, sbr. 24. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- b) Skammtímadvöl, sbr. 17. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- c) Akstursþjónusta, sbr. 29. gr. laga um fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- d) Barnaverndarúrræði, sbr. barnaverndarlög nr. 80/2002.
- e) Næturljónusta, sbr. 10. gr. reglna Akureyrarbæjar um stoðþjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 12. gr. reglna Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu.

5. gr.

Afgreiðsla umsókna

Umsóknir um notendasamninga eru afgreiddar af starfsfólki velferðarsviðs Akureyrarbæjar. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi notendasamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf ásamt því sem öll skilyrði III. kafla reglna þessara verða að vera uppfyllt.

III. kafli

Skilyrði fyrir því að eiga rétt á stuðningi í formi notendasamnings

7. gr.

Grundvöllur notendasamnings og forgangur til stuðnings

Notendasamningur er gerður á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf, sbr. 7. gr. reglna Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu, 7. gr. reglna um stoðþjónustu og reglna Akureyrarbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra. Þeir umsækjendur sem metnir eru í forgangi fyrir stuðning í formi notendasamnings eru þeir sem eru með sérstakar þarfir og sem velferðarsvið Akureyrarbæjar getur ekki veitt nauðsynlega þjónustu með viðunandi hætti, svo sem þegar þjónusta er mjög sérhæfð, veitt utan hefðbundins vinnutíma eða í stuttan tíma í senn. Þá þarf einnig að liggja fyrir faglegt mat um að þjónusta veitt samkvæmt notendasamningi sé hentugt form til að mæta þjónustuþörfum viðkomandi, sbr. 1. gr. í reglum þessum. Ekki er heimilt að veita að auki sama stuðning til að mæta sömu þörfum notanda frá velferðarsviði Akureyrarbæjar og samið er um í notendasamningi. Gerð notendasamnings er ávallt háð samkomulagi þjónustuveitenda og þess sem óskar eftir þjónustunni.

8. gr.

Skilyrði fyrir gerð notendasamnings

Grundvallarskilyrði fyrir gerð og gildistöku notendasamnings er að veiting þjónustu sem notandi á rétt á samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, falli niður af hálfu Akureyrarbæjar, enda fær umsækjandi í staðinn greidda ákveðna fjárhæð samkvæmt notendasamningi sem hann ráðstafar sjálfur til kaupa á metnum stuðningi, sbr. 2.-4. gr. í reglum þessum. Útfærsla stuðnings í formi notendasamnings er ávallt háð fjárhagsáætlun hverju sinni.

Til þess að umsækjandi eigi rétt á stuðningi í formi notendasamnings verður hann að uppfylla öll skilyrði 7. gr. í reglum þessum um grundvöll notendasamnings og forgang til stuðnings í formi notendasamnings, ásamt öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. Umsækjandi skal eiga lögheimili á Akureyri á meðan þjónustan er veitt, sbr. þó 2. mgr. 1. gr. reglna þessara.
2. Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri. Foreldrar/forsjáraðilar fatlaðra barna geta jafnframt sótt um stuðning í formi notendasamnings fyrir hönd barna sinna.
3. Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu en ekki í sértæku húsnæðisúrræði sem velferðarsvið Akureyrarbæjar úthlutar þar sem veittur er samræmdur stuðningur. Búseta einstaklings í foreldrahúsum fellur undir sjálfstæða búsetu. Einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu eiga ekki rétt á stuðningi í formi notendasamnings.
4. Umsækjandi sem á rétt á stuðningi samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu skal þurfa daglega aðstoð sem nemur að lágmarki 40 klst. og að hámarki 60 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt 3.

gr. í reglum þessum. Umsækjandi sem á rétt á aukinni þjónustu samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stoðþjónustu skal þurfa daglegan stuðning að lágmarki 40 klst. á mánuði og að hámarki 248 klst. á mánuði, sbr. faglegt mat á stuðningsþörf umsækjanda samkvæmt 3. gr. í reglum þessum. Ekki er um að ræða næturþjónustu.

5. Umsækjandi skal vera með viðvarandi og umfangsmikla stuðningsþörf sem metin er samkvæmt reglum Akureyrarbæjar um stuðningsþjónustu, um stoðþjónustu og reglum um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.

Einungis fatlaðir einstaklingar í skilningi laga, sbr. 1. og 2. tl. 2. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 eiga rétt á stoðþjónustu í formi notendasamnings, þ.e. meira en 60 klst. á mánuði.

Velferðarsviði Akureyrarbæjar er heimilt að líta til þess hvort umsækjandi eða foreldrar/forsjáraðilar fatlaðs barns séu á vanskilaskrá eða sakaskrá við afgreiðslu umsóknar um stuðning í formi notendasamnings. Getur það leitt til þess að viðkomandi fái ekki notendasamning. Við mat skal fara eftir eðli brots.

9. gr.

Umsókn og fylgigögn

Umsókn um stuðning í formi notendasamnings skal vera skrifleg á sérstöku eyðublaði sem unnt er að nálgast hjá velferðarsviði Akureyrarbæjar eða í gegnum þjónustugátt á vefsíðu bæjarins. Umsækjandi getur veitt öðrum aðila skriflegt umboð til þess að sækja um stuðning í formi notendasamnings fyrir sína hönd.

Með umsókn skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- a) Upplýst sjálfsmat umsækjanda á eigin færni.
- b) Örorkumat eða umönnunarmat.
- c) Viðurkenndar og samræmdar matsaðferðir, s.s. SIS og RAI.
- d) Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar og greiningarstöð ríkisins.
- e) Yfirlit tollstjóra yfir greiðslustöðu opinberra gjalda.
- f) Upplýsingar úr vanskilaskrá.
- g) Sakaskrá

10. gr.

Greiðslur vegna notendasamnings

Greiðslur frá velferðarsviði Akureyrarbæjar til umsækjanda hefjast við gildistöku notendasamnings. Greiðslur skal greiða fyrir fram fyrir einn mánuð í senn.

Notandi greiðir kostnað sem fellur til vegna notendasamnings auk þess sem hann skal taka á sig þær skyldur sem uppfylla þarf varðandi umsýslu notendasamnings. Óheimilt er að reikna umsýslukostnað inn í samningsfjárhæð notendasamnings.

11. gr.

Fjárhæðir og meðferð fjármagns

Greidd fjárhæð vegna hvernar klukkustundar í metnum stuðningi er reiknuð samkvæmt kostnaðarforsendum skrifstofu velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Notandi ber ábyrgð á að ráðstafa fjármagni samkvæmt notendasamningi í samræmi við mat á stuðningsþörf. Notandi skal leggja fram öll nauðsynleg gögn til velferðarsviðs Akureyrarbæjar þar að lútandi, sbr. 16. gr. í reglum þessum.

Notanda er skylt að ráðstafa hverri mánaðargreiðslu í þeim mánuði sem hún er greidd. Notanda er þó heimilt að færa til greiðslur vegna vinnustunda milli mánaða innan almanaksársins til þess að mæta breytilegum stuðningsþörfum. Ef uppsafnaðar greiðslur vegna vinnustunda nema allt að einni mánaðargreiðslu samkvæmt notendasamningi skal velferðarsvið Akureyrarbæjar óska eftir viðhlítandi skýringum á slíkri uppsöfnun. Ef fullnægjandi skýringar verða ekki veittar af hálfu notanda er velferðarsviði Akureyrarbæjar heimilt að endurkrefja notanda um fjárhæðina. Notanda er skylt að skila afgangsfjármagni til velferðarsviðs Akureyrarbæjar í lok hvers almanaksárs. Heimilt er að lækka greiðslur næstu mánaða sem nemur þeirri fjárhæð sem notandi verður endurkrafinn um.

Skil á fé og gögnum til velferðarsviðs Akureyrarbæjar er forsenda fyrir því að til endurnýjunar samnings geti komið.

Velferðarsviði Akureyrarbæjar er heimilt að stöðva greiðslur tímabundið þegar notandi er ekki fær um að nýta þann stuðning sem fjármagn er ætlað til. Í þeim tilvikum þarf þó að taka tillit til skuldbindinga sem notandi kann þegar að hafa stofnað til í tengslum við stuðninginn.

12. gr.

Gildistími notendasamnings

Í fyrsta sinn sem notendasamningur er gerður skal gildistími hans vera þrjú mánuðir. Aldrei skal gera notendasamning til lengri tíma en eins árs í senn.

IV. kafli

Framkvæmd notendasamninga

13. gr.

Form og gerð notendasamnings

Notast skal við staðlað samningsform.

Ef notandi er ólögráða gerir lögráðamaður/foreldri/forsjáraðili hans samning við velferðarsvið Akureyrarbæjar fyrir hans hönd. Skal sá aðili annast alla umsýslu fyrir hönd notanda.

14. gr.
Aðstoðarfólk

Notandi skal annast leit, ráðningu og umsýslu vegna aðstoðarfólks.

Að jafnaði er notanda eigi heimilt að velja sér aðstoðarmann sem er maki, sambylismaður/sambyliskona eða náinn ættingi, sem heldur heimili með notanda. Í undantekningartilvikum er velferðarsviði Akureyrarbæjar heimilt að leyfa slíkt fyrirkomulag að sannanlegri ósk notanda en þá skal kveðið á um aukið eftirlit af hálfu velferðarsviðs í notendasamningi. Þó er heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar um fötluð börn er að ræða. Í slíkum tilvikum skal þó tryggt að tekið sé tillit til skoðana barns í samræmi við aldur þess og þroska.

Notandi skal gera samning við aðstoðarfólk sitt þar sem m.a. er kveðið á um réttindi og skyldur aðstoðarfólks, kjör, umfang vinnu, vinnufyrirkomulag og uppsagnarfrest.

15. gr.
Skilyrði fyrir ráðningu aðstoðarfólks

Aðstoðarfólk skal skila inn sakavottorði að beiðni notanda.

Notanda er óheimilt að ráða aðstoðarfólk til þess að sinna þjónustu við sig ef viðkomandi hefur hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. og XXIII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hafi viðkomandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga eða laga um ávana- og fíkniefni skal starfsmaður velferðarsviðs í samráði við notanda meta áhrif þess á hæfni viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins.

16. gr.
Eftirlit með notendasamningum og upplýsingaskylda

Stöðumat skal fara fram innan þriggja mánaða frá upphafi gildistíma notendasamnings þar sem kannað er hvernig notendasamningur nýtist notanda og hversu vel markmið samnings hafa náðst. Starfsmaður velferðarsviðs Akureyrarbæjar annast matið í samráði við notanda.

Notandi skal skila velferðarsviði Akureyrarbæjar skýrslu eigi sjaldnar en á sex mánaða fresti um fjölda vinnustunda samkvæmt samningi sem hann hefur notað. Þá skal notandi leggja fram öll nauðsynleg gögn þar að lútandi, s.s. samninga við aðstoðarfólk, afrit greiddra reikninga og önnur gögn sem máli kunna að skipta í samræmi við beiðni starfsmanns velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

Eftir hvert almanaksár er notanda skylt að veita velferðarsviði Akureyrarbæjar upplýsingar um samninga, tímaskrár og vinnuáætlanir sem tengjast notendasamningi notanda. Nota ber staðlað yfirlitsblað sem velferðarsvið lætur notanda í té, yfir nýtingu fjármagns og framkvæmd þjónustu, sem staðfest hefur verið af aðstoðarfólki notanda. Auk þess ber notanda að leggja fram reikninga og staðfestingu á greiðslu til aðstoðarfólks. Notandi skal einnig afhenda

fyrirnefnt yfirlitsblað auk skattframtals. Þá er velferðarsviði Akureyrarbæjar heimilt að kalla eftir fyrrgreindum upplýsingum oftár ef þörf er á.

Endurmat á stuðningsþörf notanda skal framkvæmt við endurnýjun samnings og eigi síðar en fjórum vikum áður en samningur rennur út. Notandi skal tilkynna velferðarsviði Akureyrarbæjar tímanlega um þær breytingar á högum sínum sem geta haft áhrif á framkvæmd notendasamnings, þar á meðal um tímabundna dvöl annars staðar en á lögheimili sem og um flutning lögheimilis.

Breytingar á aðstæðum notanda sem áhrif hafa á þarfir hans fyrir stuðning geta leitt til endurmats á stuðningsþörf samkvæmt samningi.

V. kafli

Vanefndir og uppsögn samnings

17. gr.

Uppsögn notendasamnings

Umsýsla vegna notendasamninga skal fara í öllu að gildandi lögum, reglugerðum, opinberum fyriræmum sem við eiga sem og almennum reglum vinnuréttar eftir því sem við á.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsaðila er einn mánuður og skal tilkynna gagnaðila um uppsögn með skriflegum hætti svo unnt sé að skipuleggja þjónustu við notanda frá velferðarsviði Akureyrarbæjar.

18. gr.

Vanefndir og riftun notendasamnings

Velferðarsvið Akureyrarbæjar getur krafist þess að notandi bæti úr vanefndum á samningi á eigin kostnað.

Meinta vanefnd ber þó ávallt að tilkynna til gagnaðila með sannanlegum hætti og gefa honum kost á að gefa skýringar eða bæta úr innan hæfilegs frests.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar skal setja hæfilegan tímafrest fyrir því hvernig staðið skuli að úrbótum vanefnda. Séu úrbætur ekki gerðar innan þess tíma sem velferðarsvið Akureyrarbæjar tilgreinir, getur það krafist þess að notandi greiði þann kostnað sem af hlýst til að koma að nauðsynlegum úrbótum.

Komi upp ágreiningur milli velferðarsviðs Akureyrarbæjar og notanda skal leitast við að jafna þann ágreining.

Ef um verulegar vanefndir er að ræða geta aðilar rift samningi fyrirvaralaust.

19. gr.

Viðbrögð vegna riftunar

Í þeim tilvikum sem samningi er rift stöðvast greiðslur frá velferðarsviði Akureyrarbæjar til notanda á grundvelli notendasamnings þegar í stað.

Velferðarsviði Akureyrarbæjar er heimilt að krefja notanda um endurgreiðslu fjár, í heild eða að hluta, sem honum hefur verið úthlutað samkvæmt notendasamningi ef sýnt er fram á að eitthvert eftirtalinna tilvika eigi við:

- a) Féð hefur að hluta til eða í heild ekki verið nýtt til að koma til móts við skilgreindar þarfir notanda fyrir stuðning samkvæmt áætlun.
- b) Ákvæðum notendasamnings hefur ekki verið fylgt.

Í þeim tilvikum sem notendasamningi er rift ber velferðarsviði Akureyrarbæjar að tryggja að ekki verði rof á þjónustu við notanda og að lok samnings valdi notanda eins lítilli röskun og óþægindum og mögulegt er.

VI. kafli

Málsmeðferð

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993, ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

20. gr.

Viðeigandi aðlögun

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að einstaklingur geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

21. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um viðtal berst. Sama á við ef velferðarsviði berast upplýsingar um nauðsyn á aðstoð með öðrum hætti.

Velferðarsvið Akureyrarbæjar skal taka ákvörðun í máli svo fljótt sem unnt er og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

22. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsókna, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamann eða persónulegan talsmann hans eftir því sem við á.

Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

23. gr.

Endurskoðun

Rétt til stuðnings í formi notendasamnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang stuðnings.

Ef umsókn um notendasamning hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

24. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjenda skulu varðveitt á öruggan hátt.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni umsækjanda er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.

Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Akureyrarbæjar sem aðgengileg er á vefsíðu bæjarins.

25. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarsviðs Akureyrarbæjar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum.

26. gr.

Rangar eða villandi upplýsingar

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri til að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

27.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Starfsmenn velferðarsviðs Akureyrarbæjar taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði sviðsstjóra velferðarsviðs Akureyrarbæjar.

28. gr.

Kynning á ákvörðun

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um stuðning í formi notendasamnings svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á endurskoðun ákvörðunar og um leið rétt hans til áfrýjunar til velferðarráðs og eftir atvikum Úrskurðarnefndar velferðarmála að fengnum rökstuðningi.

29. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað samkvæmt reglum þessum getur umsækjandi að fengnum rökstuðningi áfrýjað til velferðarráðs innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Velferðarráð skal fjalla um umsóknina og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun velferðarráðs til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun velferðarráðs.

30. gr.

Gildistaka

Reglur þessar voru samþykktar á fundi velferðarsviðs Akureyrarbæjar þann 23. nóvember 2022 og á fundi bæjarstjórnar þann 6. desember 2022 og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2023.

Bráðabirgðaákvæði I

Þeir samningar sem samþykktir voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu þar til þeir renna út eða endurmat fer fram og ný ákvörðun liggur fyrir.

Bráðabirgðaákvæði II

Velferðarsvið Akureyrarbæjar vinnur að gerð reglna um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra og skal þeirri vinnu lokið eigi síðar en 1. apríl 2023.